

Námskrá 5 ára nemenda

Velkomin á Heiðarsel

Á Heiðarseli er unnið samkvæmt heilsustefnunni. Markmið leikskólans er að auka gleði og vellíðan nemenda með áherslu á hreyfingu, leik, næringu og listsköpun í leik og starfi.

Leikskólastarfið fléttast saman af fjölbreyttum námssviðum, námsþáttum, daglegu lífi og leik nemenda. Dagleg umönnun felst í því að annast hvern nemanda líkamlega og andlega af hlýju, gleði, áhuga og ábyrgðarkennd.

Við vinnum eftir uppbyggingarstefnunni í leikskólanum. Stefnan gengur út á að byggja upp sterka sjálfsmynd barna og er leið til að ýta undir jákvæð samskipti.

Námskrár eru gefnar út fyrir hvern aldur fyrir sig. Námskrárnar eru ætlaðar fyrir kennara og foreldra.

Frjáls leikur



Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, bæði sem kennsluáferð leikskólakennarans og námsleið nemandans. Hinn frjálsi leikur hefur verið kallaður „leikur leikjanna“ þar sem nemandi fær að skapa leikinn úr eigin hugarheimi. Ef nemendur fá sjálfir að velja sér viðfangsefni verða þeir áhugasamari, virkari og meira skapandi í leiknum. Í frjálsa leiknum er boðið upp á eftirtalin leiksvæði: Listakrók/skriftarkrók, leikstofu, leirkrók, tölvu, bygginga-krók, spilakrók, stærðfræðikrók, lestra/skriftarkrók, bílakrók, frjálsan krók og sal (sjá skólanámskrá Heiðarsels). Nemendur geta valið sér leiksvæði að vissu marki en taka þarf tillit til fjölda nemenda á hverjum stað. Hvert leiksvæði er merkt með mynd og nafni króksins auk leyfilegs fjölda nemenda. Fjöldi nemenda á svæðum er merkt með Numicon formum. Þegar nemendur velja sér krók setja þér

myndina sína eða nafn á Numicon formið sem segir til um leyfilegan fjölda.

Tengsl skólastiga

Í aðalnámskrám leik- og grunnskóla kemur fram að skylt sé að koma á gagnvirku samstarfi leik- og grunnskóla. Þar er líka tiltekið að leikskólinn sé fyrsta skólastigið. Tilgangurinn með samstarfinu er að auðvelda barni þá breytingu sem verður á lífi þess þegar það fer úr leikskóla í grunnskóla. Mikilvægt er að flutningur yfir í grunnskóla sé vel undirbúinn. Nám barna þarf að vera samfellt. Sú þekking og færni sem börnin öðlast í leikskóla verður grunnur að grunnskólanámi þeirra.

Farsæll flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla felur í sér undirbúning og aðlögun. Leikskólabörn þurfa að fá tækifæri til að kynnst væntanlegum grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og líta skal á fyrstu vikur grunnskólagöngunnar sem tímabil aðlögunar og undirbúnings.

Heiðarskóli er heimaskóli Heiðarsels.

Markmið:

- Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að flytjast á milli skólastiga
- Að efla tengslin milli skólastiga
- Að skapa samfellu í námi og kennslu
- Að koma til móts við þarfir nemenda og stuðla að markvissari uppbyggingu náms á mörkum skólastiga
- Að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga



Leiðir:

- Gerð er áætlun sem felur í sér samvinnu skólastiganna.
- Skilafundir að vori til að miðla upplýsingum.
- Upplýsingafundir í nóvember og skólakynning að vori í grunnskólum.

- Gerð áætlunar fyrir samstarf vetrarins að hausti og endurmat að vori.
- Gagnkvæmar heimsóknir nemenda og kennara
- Nemendur fara í heimsóknir í Heiðarskóla. Að hausti setja kennarar elstu nemenda í leikskólanum og deildarstjóri yngsta stigs í Heiðarskóla saman áætlun um heimsóknir sem eru að jafnaði einu sinni í mánuði yfir veturinn
- Nemendur fara í kynnisheimsókn þar sem þeir fá að skoða húsnæði skólans, fara í kennslustund
- Farið verður í tölvutíma, íþróttatíma hjá íþróttakennara Heiðarskóla, á útisvæðið og bókasafnið í skólanum
- Nemendur taka einnig þátt í degi íslenskrar tungu með nemendum úr 1. bekk
- Þeir nemendur sem ekki koma til með að fara í Heiðarskóla fara í heimsókn í sinn heimaskóla þegar líða fer að vori

Verkefni elstu nemenda



Elstu nemendur leikskólans fara í vinnustund fimm daga vikunnar. Þar fer fram markviss kennsla í gegnum leik ásamt því að vinna verkefni. Farið er inn á öll námssvið Aðalnámskrár leikskóla sem eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Verkefnin skiptast niður í eftirfarandi þætti: Hreyfing, vettvangsferðir, málrækt, tónlist, lífsleikni og stærðfræði.

Markmið með verkefnum elstu nemenda eru:

- Að nemandi læri í gegnum leik og efli almennan félagsþroska
- Að efla einbeitingu, úthald, frumkvæði, færni og vönduð vinnubrögð
- Kenna almennar umgengnisreglur, efla tillitssemi og samvinnu

- Að þjálfar hlustun og eftirtekt og fara eftir fyriræmælum
- Auka sjálfstraust og sjálfshjálp
- Að nemendur þjálfist í að vinna í hóp í ákveðinn tíma
- Að auka áhuga á lestri og stærðfræði
- Að læra að ganga frá eftir sig

Hreyfing

Mikil áhersla er lögð á hreyfingu í starfi leikskólans. Í hreyfiþjálfun eflist alhliða þroski nemenda, þeir öðlast betri líkamsvitund og góð líkamleg færni leiðir af sér ánægðari nemendur. Elstu nemendur leikskólans fara í skipulagða hreyfistund tvisvar sinnum í viku. Unnið er með ákveðið þema eina viku í senn sem tengist inn á aðra vinnu eins og læsi, stærðfræði og tónlist. Hreyfistundir samanstanda af fjölbreyttri hreyfingu með leikjum, þrautabrautum og dansi ásamt slökun og teygjum í lok hvers tíma. Auk þessa er mikið lagt upp úr því að nemendur fái að leika sér úti og fari út minnst einu sinni á dag. Vettvangsferðir eru einnig einn þáttur hreyfingar.

Markmið:

- Stuðla að gleði, líkamlegri og andlegri vellíðan
- Efla samhæfingu og snerpu
- Að læra ýmsa leiki, virða leikreglur og fara eftir fyriræmælum
- Að nemandi þjálfist í leikrænum æfingum sem efla líkamspól, jafnvægi og styrk
- Að læra stöðuhugtök eins og fyrir framan og fyrir aftan
- Að nemandi taki þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og samspili skynfæra sem eykur líkamsvitund



Leiðir:


- Vera með hreyfistundir sem efla frjálssa og skapandi hreyfingu þar sem nemendur geta leikið sér
- Efla hóp- og hreyfileiki

- Nemendur læra ýmsa hreyfileiki og að takast á við ólík viðfangsefni
- Settar eru upp þrautabrautir og ýmis áhöld notuð eins og boltar, trampólín, jafnvægisslá og fleira
- Útivera á hverjum degi
- Farið í vettvangsferðir
- Íþróttavikur að vori þar sem hreyfingin er færð út

Vettvangsferðir

Markmið:

- Kynna nánasta umhverfi fyrir nemendum
- Læra að ganga vel um náttúruna, vekja athygli á margbreytileika og njóta hennar
- Víkka sjóndeildarhringinn og æfa umferðarreglur
- Kenna nemendum að þekkja árstíðirnar
- Auka öryggi nemenda fyrir utan leikskólann



Leiðir:

- Farið verður í gönguferðir og rætt um umhverfið á leiðinni
- Unnið úr ferðunum þegar heim er komið eða daginn eftir
- Nýta nánasta umhverfi leikskólans til þess að skoða og rannsaka
- Fara í útskriftarferð í lok vorannar

Málrækt

Málrækt er einn af áherslupáttum leikskólastarfsins og tengist inn á allt daglegt starf í leikskólanum.

Markviss málörvun er tvisvar sinnum í viku. Áhersla er lögð á litla og stóra stafi og hvenær þeir koma fyrir í nafninu okkar, orðum og setningum. Einn til tveir bókstafir og hljóð eru lagðir inn í hverri viku. Í hringekju er unnið í verkefnum sem þjálfar hljóðkerfisvitund barnanna sem og að skrifa í vinnubók. Spiluð eru málörvunarspil, farið í hlustunarleiki og lagðar inn vísur.

Orðaspjallsaðferðin er notuð við lestur bóka til að efla orðaforða og hlustunarskilning. Námsefnið Lubbi finnur málbein, eftir Eyrúnu Ísold Gísladóttur og Freydísi Kristjánsdóttur, Lærum og leikum með hljóðin og Hoppi eftir Bryndísi Guðmundsdóttur eru partur af því efni sem við notumst við í málörvunarstundum. Þessi vinna fer eftir þroska og getu hvers nemanda. Ritmál er sýnilegt í leikskólanum þar sem hlutir eru merktir og efniviður til málræktar er aðgengilegur fyrir nemendur. Bókakoffort frá Bókasafni Reykjanesbæjar er í leikskólanum, það fer á milli deilda yfir vetrartímann. Nemendur og foreldrar geta fengið lánaðar bækur heim úr koffortinu.

Markmið:

- Að auka orðaforða og þjálfra framsögn
- Að auka máltilfinningu og málskilning
- Að þjálfra minni, hlustun og hugsun
- Að vinna með hljóðkerfisvitund
- Að segja frá og tjá sig
- Kynnast bókstöfum og hljóðum þeirra og formi
- Að börnin þjálfist í vandvirkni við vinnu sína
- Kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum
- Að fara með vísur og þulur.



Leiðir:

- Vinna verkefni úr bókunum *Markviss málörvun*, Listin að lesa og skrifa og fleiri bækur sem tengjast ritun
- Unnið með léttlestrarbækur og stafablöð
- Vinna með *Ótrúleg eru ævintýrin* sem eru sögur og vísur
- Kynna nemendum bókstafi og að draga til stafs
- Stafa og hljóðainnlögn
- Æfa skriftarátt/lesátt og blýantsgrip
- Fara í leiki og verkefni sem þjálfra hljóðkerfisvitund og tjáningu
- Nota orðaleiki og leika sér með orð
- Kenna nemendum sitt eigið heimilisfang og



símanúmer

- Kynnast hugtökum eins og orð, setning, efsta/neðsta lína
- Nemendur fá frjálstan aðgang að skriftar- og lestrarkrók sem inniheldur meðal annars blýanta, blöð, skæri, lestrarbækur og stafaspjöld
- Hlusta á þulur, vísur og sögur, stuttar sögur, framhaldssögur og ævintýri .

Tónlist

Tónlist er hluti af námi leikskólans þar sem nemendur fara í tónlistartíma einu sinni í viku yfir vetrartímam. Alla mánudagsmorgna er söngstund á sal sem leik- og tónlistarkennari sér um. Einu sinni í mánuði yfir veturinn er sameiginleg söngstund eða Heiðargleði á sal leikskólans. Í söngstundum er sungið og farið með þulur sem verið er að vinna með. Á Heiðargleði er dansað, spilað á hljóðfæri eða nemendur sýna atriði sem þeir hafa æft á sinni deild. Deildirnar fjórar skiptast á að stjórna þessum stundum.

Markmið:

- Að þjálfra hlustun
- Að læra texta og lög
- Að vinna með púls og hrynjanda
- Að hlusta á tónlist
- Að syngja einsöng og í hóp



Leiðir:

- Æfa söng og atriði fyrir skemmtanir á vegum leikskólans
- Syngja á hverjum degi
- Vinna með ljóð, þulur og vísur
- Vinna með blæbrigði tónlistar
- Vinna með einföld hljóðfæri
- Fara í hreyfileiki og dansa í sal
- Vinna með tónsöguna Maxi Mús

- Vinna með tónverk eins og Pétur og úlfurinn, Karnival dýranna og Töfraflautuna eftir Mozart.

Söngstund/Heiðargleði

Einu sinni í mánuði yfir vetrartímamann er sameiginleg söngstund eða Heiðargleði í sal leikskólans. Í söngstundum er sungið og farið með þulur/vísur sem verið er að vinna með. Á Heiðargleði er dansað og spilað á hljóðfæri eða nemendur sýna atriði sem þeir hafa æft. Auk þessa er morgunsöngur alla mánudaga í sal skólans þar sem allir nemendur og kennarar syngja saman. Deildirnar fjórar skiptast á að stjórna Heiðargleði og útfæra eftir sínum áhugamálum og áherslum hverju sinni.

Markmið:

- Að njóta tónlistar á ýmsan hátt
- Að nemendur læri að hlusta og syngja saman í hóp
- Að æfa nemendur í að koma fram fyrir hóp

Leiðir:

- Nemendur leikskólans fara með sínum aldurshópi í söngstund, lögð er áhersla á söngtexta og hreyfi-söngva sem hæfa þeirra aldri
- Nemendur eru æfðir í að koma fram fyrir nemendahópinum með söng og fleiru.

Hljóm-2

Hljóm-2 er athugun á hljóð- og málvitund leikskólanema sem lögð er fyrir alla nemendur Heiðarsels í elsta árgangi. Athugunin er stöðluð fyrir íslenska nemendur á aldrinum 4,6 ára til 6,1 árs. Kannaðir eru eftirfarandi þættir: Rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreining, margræð orð, orðhlutaeyðing og hljóðtenging. Unnið er út frá niðurstöðum Hljóms-2 í málrækt.

Lífsleikni

Vináttuverkefni Barnaheilla

Verkefnið byggir á nýjustu rannsóknum á einelti. Í því er unnið að því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Þátttaka allra; barna, starfsfólks og foreldra er grundvöllur þess að vel til takist. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við því.

Efnið byggir á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem skulu samofin öllu leikskólastarfinu og er órjúfanlegur hluti þess í allri vinnu og starfi leikskóla sem vinnur með Vináttu. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi við vinnu og samskipti í leikskólasamfélaginu. Hugmyndafræðin endurspeglast í gildunum fjórum:

1. Umburðarlyndi

Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla af virðingu.

2. Virðing

Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða mismunandi hátterni annarra.

3. Umhyggja

Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

4. Hugrekki

Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Markmið:

- Að móta jákvæðan skólabrag og viðhalda honum
- Að samfélag barnanna einkennist af gagnkvæm umburðarlyndi og virðingu


- Að próa getu barna til þess að sýna hverju öðru umhyggju og að styðja féлага sína og verja
- Að efni og þau gildi sem verkefni byggir á séu eðlilegur hluti af daglegu lífi og skólastarfi.
- Að koma í veg fyrir einelti í leikskólum og grunnskólum með því að starf skólanna, áætlanir og viðhorf tryggi börnum umhverfi þar sem einelti nær ekki að þrífast.
- Að próa nýjar aðferðir og verkfæri til forvarna fyrir leikskóla og yngri bekkji grunnskóla.
- Að stuðla að rannsóknum á einelti.

Leiðir:

- Blær bangsi er kynntur fyrir börnunum - Blær er tákmynd vináttunnar í verkefningu. Blær minnir börnin á að gæta hvers annars vel og að vera góður félagi og hjálpar til við ýmis verkefni og faðmar, gleður og huggar börnin.
- Litlir bangsar - Öll börnin fá litla bangsa sem tákna samfélag Vináttu.
- Nuddhefti- Leiðbeiningar um nudd fyrir börn. Sögur sem eru lesnar upp og börnin líkja eftir hreyfingum með því að nudda bak hvers annars.
- Samræðuspjöld - Á spjöldunum eru teikningar af raunverulegum aðstæðum sem komið geta upp og stuðlað að samræðum barnanna. Á bakhlið spjaldanna eru hugmyndir að spurningum eða umræðum.
- Sögubók - Bangsinn hennar Birnu - og þrjár sögur til viðbótar um einelti. Í bókinni er fjallað af kímni, skilningi og jákvæðni um erfiðar aðstæður sem upp kunna að koma í daglegu lífi í leikskóla

Stærðfræði

Stærðfræðivinnustundir eru tvisvar í viku og er notast við kennslubækurnar í Talnalandi, Numicon stærðfræðiefnið og einingakubba. Farið er í ýmsa skemmtilega stærðfræðileiki og spil og stærðfræði efni í Ipad sem tengist bókunum í Talnalandi sem og önnur stærðfræði forrit.



Stærðfræði er fléttuð inn í allt daglegt starf leikskólans. Nemendur eru hvattir til að leysa stærðfræðiþrautir og átta sig á afstöðu hluta. Hólf, skúffur og leiksvæði nemaenda eru merkt með tölustöfum sem og numiconformum. Á föstudögum er oft spilað BINGÓ í hádeginu þar sem börnin skiptast á að vera bingóstjórar og segja tölurnar í hjóðnema.

Markmið:

- Að þekkja formin; hring, ferhyrning og þríhyrning
- Að nemendur kynnist tölustöfum
- Að auka talnaskilning, hvað er bakvið hverja tölu
- Að þekkja hugtök eins og stærra en, minna en og jafn mikið
- Að þjálfra rökhugsun

Leiðir:

- Tölustafir og stærðfræðihugtök eru notuð í daglegu starfi
- Leikjaforrit eru í tölvum sem tengjast stærðfræði
- Unnið með kennsluefnið Numicon
- Unnið með kennslubækurnar í Talnalandi þar sem hvert barn á sína bók
- Unnið með Rökkubba, einingakubba og verkefnablöð



Listsköpun

Listsköpun er einn af áherslupáttum heilsustefnunnar þar sem skapandi starf eflir gagnrýna hugsun barnsins, þjálfar rökhugsun og eflir skynjun. Listsköpun hjá elsta árgangi fléttast inn í daglegt starf leikskólans og Listahátíð barna í Reykjanesbæ sem haldin er að vori ár hvert.

Markmið:

- Að kynna ýmsar aðferðir til myndsköpunar
- Að fá útrás fyrir tilfinningar og hugmyndaflug
- Að þjálfra samhæfingu handa og augna
- Að þjálfra fínhræfingar
- Að leika sér með form og liti
- Að teikna og mála



Leiðir:

- Nemendur hafa gott aðgengi að efnivið, bæði verðlausum og aðkeyptum
- Nemendur fá að nota áhöld eins og skæri, blýanta, pensla, liti og ýmsar gerðir af málningu
- Listsköpun er tengd inn á alla vinnu eins og stærðfræði, tónlist, lífsleikni og málörvun

Útskriftaferð/Útskrift elstu nemenda



Elstu nemendur leikskólans fara í útskriftarferð að vori. Farið er með rútu í dagsferð, ýmist hér á suðurnesjum eða á höfuðborgarsvæðið. Í maímánuði er svo útskriftin. Við útskrift bjóða nemendur foreldrum sínum og systkinum í heimsókn þar sem boðið er upp á sýnishorn af vinnu vetrarins og veitingar.

Vinsamlegast munið að merkja
Föt og skó vel og
athugið hvort eitthvað vantar í
fatakassann.
Ganga þarf vel frá hólfi barnsins
á hverjum degi.
Tæma þarf hólfin á föstudögum.

